

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Borgartún 26

105 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík 20.02.2025

Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár 2025-2029

Landvernd hefur kynnt sér tillöguna og vill byrja á að fagna því að slík framkvæmdaáætlun líti dagsins ljós enda löngu tímabær. Árið 2018 lagði Náttúrufræðistofnun til 131 tillögur að svæðum til framkvæmdaáætlunar.

Við val sitt á svæðum benti stofnunarinn á að horft var á landið í heild með það að markmiði að valið uppfyllti skilyrði um verndarþörf og ákjósanlega verndarstöðu vistgerða eða tegunda án tillits til þess hvort ákveðin svæði væru friðlýst eða ekki. Innan stærri svæða sem þegar njóta verndar eru því í sumum tilfellum tillögur að smærri afmörkuðum svæðum til að draga fram forgangsvistgerðir eða fuglategundir sem ekki eru einkennandi fyrir heildarsvæðið. Af þessum 131 svæðum hafa 54 svæði nú einhvers konar vernd.

Í greinargerð kemur einnig fram að í janúar 2023 hafi Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun kynnt niðurstöðu vinnu við endurmat svæða fyrir ráðherra, og þar hafi verið kynnt 50 svæði. Í kjölfarið hafi ráðherra beðið eftir forgangsröðun og óskaði eftir 15 tillögunum. Þá hafi þeim fækkað niður í 6 seinna í vinnsluferlinu.

Það er áhyggjuefni að úr 131 tillögu verði aðeins 6 svæði sem lögð eru fyrir Alþingi til framkvæmda. Landvernd þykir þetta ekki sýna fram á nægilegan metnað í málaflokknum. Landvernd minnir á að Ísland hefur undirritað alþjóðlegan sáttmála um verndun líffræðilegrar fjölbreytni ([Global Biodiversity Framework](#)) þar sem markmið númer 2 af 23 er að friða 30% lands, stranda og sjávar fyrir árið 2030. Til að ná því markmiði er mikilvægt að bretta upp ermar og setja líffræðilega fjölbreytni ofar á forgangslistann.

Að því sögðu styður Landvernd friðun þeirra 6 svæða sem lögð eru til í tillögunni og hvetur stjórnvöld til að notfæra sér þá reynslu sem af ferlinu hlýst til að auka metnað sinn og taka fleiri tillögur Náttúrufræðistofnunar fyrir eins fljótt og auðið er.

Að lokum vill Landvernd koma því á framfæri að eðlilegt hefði verið að hafa náttúruverndarsamtök á lista yfir umsagnarbeiðnir. Mörg náttúruverndarsamtök eru falið og vakta ekki samráðsgáttina. Þá vill Landvernd sérstaklega benda á staðbundin náttúruverndarsamtök á þeim svæðum sem til stendur að framkvæma friðun.

Með vinsemd og virðingu

Þorgerður M Þorbjarnardóttir

Formaður Landverndar